

Alþingi
Erindi nr. P 127/2002
komudagur 23.4.2002

Landssambands veiðifélaga,
berist hr. Óðni Sigþórssyni,
Bolholti 6,
105 Reykjavík.

Reykjavík, 9. apríl 2002.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt

Við vísum til fundar með stjórn Landssambands veiðifélaga 4. apríl sl. út af frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því er tekur til skattalegrar meðhöndlunar á arðgreiðslur úr veiðifélögum. Við vísum einnig til símtala um efnið áður.

Frumvarp um sama efni var lagt fram á Alþingi á síðasta þingi en var ekki rætt og er nú flutt í óbreyttri mynd. Yfirlýstur tilgangur frumvarpsins er að jafna stöðu þeirra er njóta arðgreiðslna úr veiðifélögum. Bent er á að skattlagning þessara tekna er mismunandi eftir því hvort veiðiréttareigandi hefur rekstur með höndum eða ekki. Sú leið, sem frumvarps- höfundar leggja til, felst í að leyfa rekstraraðilum að draga frá tekjum sínum 74% fjárhæðar arðgreiðslu en það leiði til þess að raunskattlagning verði 10,14% hjá einstaklingi með rekstur eða 9,6% ef tekjurnar renna í gegn um hlutafélag. Að frumvarpinu standa 12 þingmenn en auk þess hafa fleiri lýst sig fylgjandi efni þess. Það er því ljóst að mörgum sviður það ósamræmi sem er á mismunandi meðferð eðlislíkra tekna í skattskilum einstaklinga þegar ekki finnast málefnaleg rök fyrir þeirri mismunun.

Í umsögn ríkisskattstjóra, dags. 22. febrúar sl., er um efnisatriði vísað til fyrri umsagnar um frumvarpið frá í fyrra. Í þeirri umsögn, sem dagsett er 30. mars 2001, er m.a. bent á að mismunur á meðferð fjármagnstekna einstaklinga, eftir því hvort þær falli til í rekstri eða utan rekstrar, sé staðreynd í íslenskum skattalögum og regla frumvarpsins feli í sér nýjung. Er auk þess bent á tæknilega annmarka á útfærslu frumvarpsins með því að staða rekstraraðila gæti hæglega orðið verulega betri en annarra vegna heimilda þeirra til að draga frá þessum tekjum sínum kostnað sem fellur til annars staðar í rekstri viðkomandi. Ríkisskattstjóri er ósammála því að verið sé að fjalla um „samskonar“ tekjur þar sem

munur sé á því, hvort þær falli til í rekstri eða ekki. Ríkisskattstjóri ténir til önnur atriði sem minna máli skipta.

Við getum tekið undir margar ábendingar ríkisskattstjóra. Sú leið sem valin er í frumvarpinu á sér ekki fordæmi og bryti sannarlega upp viðtekin sjónarmið í skattarétti. Til viðbótar þeirri gagnrýni sem fram kemur hjá ríkisskattstjóra má benda á að frumvarpið tekur ekki til þess, að sumir einstaklingar fá tekjur af veiðirétti sínum ekki í formi arðgreiðslna heldur sem leigugreiðslu beint frá leigjanda, en það getur atvikast m.a. vegna ákvörðunar veiðifélags þar um. Þá tekur frumvarpið heldur ekki á því að aðrir tekjustofnar búrekenda eru eðlislíkir arði eða leigu fyrir veiðirétt en það eru t.d. greiðslur fyrir námaréttindi, vatnsréttindi og jarðvarmaréttindi en þær eru ásamt veiðiréttartekjum tilgreindar í 2. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Er rétt að sama regla gildi um allar þessar tekjur hjá þeim sem standa að búrekstri.

Um það sjónarmið ríkisskattstjóra, að eðlismunur sé á þessum tekjum, eftir því hver sé móttakandi þeirra, getum við hins vegar ekki tekið undir í sambandi við arðgreiðslur eða leigutekjur af veiðirétti. Eins og flutningsmaður frumvarpsins benti á í ræðu lúta þessar tekjur sérstökum lögmálum og þurfa ekki að tengjast landbúnaðarrekstri einstaklings eins og önnur hlunnindi sem byggja á vinnuframlagi bóndans. Vissulega geta þær gert það en það hlýtur að byggja á mati rekstraraðilans, hvort tekjurnar tengist búrekstri eða einstaklingnum sem annast um þann rekstur. Eins og fram kemur í umsögn ríkisskattstjóra byggir mat hans á þeirri vafasömu forsendu að niðurstaða í úrskurðum yfirskattanefndar um efnið sé „stílbrot“. Hlýtur það að draga úr gildi þessara sjónarmiða embættisins.

Að öllu virtu stendur sú staðreynd eftir að eðlislíkar tekjur fá mismunandi meðhöndlun eftir því hvort einstaklingur hefur með höndum búrekstur eða ekki og verður ekki séð að málefnalegar ástæður liggi að baki þeirri mismunun. Er því brýnt að bæta úr því með tiltækum ráðum. Við erum sammála ríkisskattstjóra um að sú leið, sem valin er í frumvarpinu, sé gölluð og að eðlilegra sé að fara aðra leið að settu marki. Sú leið þarf að falla að gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Hún þarf líka að uppfylla efnisreglur sem gera þarf til laga, svo sem jafnræðisreglur.

Eftir nokkra umhugsun leggjum við til að fallið verði frá ráðgerðum breytingum á 31. gr. laganna eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu en þess í stað yrði gerð breyting á 2. mgr. (var áður 3. mgr.) 30. gr. laganna þannig að við þá málsgrein yrði bætt nýjum málslíð:

„Þá getur maður sem hefur búrekstur með höndum kosið við framtalsgerð hvers árs að tekjur, sem fallið hafa til næstliðið ár og lýst er í 2. tölul. C-liðar 7. gr., teljist honum til tekna utan rekstrar.“

Ekki er að okkar mati tilefni til að láta ákvæðið taka til félaga, sem skattskyld eru samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1981 og lúta öðrum lögmálum um skattlagningu tekna og eigna.

Í tillögu okkar felst að viðkomandi aðili eigi um það val á hverju ári hvora leið hann fer um meðferð slíkra tekna sem hér um ræðir. Önnur leið, sem fælist þá í því að festa þessar tekjur sem fjármagnstekjur utan rekstrar, drægi úr hvatningu á að fasteignatengdum hlunnindum væri viðhaldið eða þau byggð frekar upp. Ekki er gert ráð fyrir að ákvörðun vegna eins árs bindi búrekanda til framtíðar. Þessi leið á ekki að hafa áhrif á eignarskattstofn viðkomandi einstaklings.

Rétt er að geta þess að einstaklingar sem standa að annars konar rekstri en búrekstri færa tekjur af þessu tagi sem tekjur utan atvinnurekstrar, sbr. áðurgreinda úrskurði yfirskattanefndar. Þeir eiga þess þó kost að fara með þær eins og rekstrartekjur ef umfang starfseminnar nær tilteknu marki eða með því að færa tekjurnar í gegn um félag. Tillaga okkar nú gerir því ekki ráð fyrir að búrekendum sé gert hærra undir höfði en öðrum rekstraradilum að því er snertir eignatekjur sem hér eru til umfjöllunar.

Það er niðurstaða okkar að fyrirliggjandi frumvarp um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sé gallað að ýmsu leyti og tókum þar undir gagnrýni embættis ríkisskattstjóra. Við teljum hins vegar að um mikilvægt réttindamál sé að ræða fyrir einstaklinga sem stunda búrekstur og því brýnt að laga frumvarpið að skattatæknilegum sjónarmiðum ríkisskattstjóra svo það nái fram að ganga. Við teljum að tillaga okkar hér að framan uppfylli þau sjónarmið.

Virðingarfyllt,

Halldór Jónsson, hdl.

Ólafur Haraldsson, hdl.